



SKÓLABLA AFTÓ

'10-'11



Efnisyfirlit

Ritstjórn	bls.3
Viðtöl við '97	bls.4
8. bekkjarferðin	bls.5
Viðtöl við '96	bls.6
9. bekkjarferðin	bls.7
Viðtöl við '95	bls.8
10. bekkjarferðin	bls.9
Viðtöl við kennara	bls.10
Skólahreysti	bls.11
Skrekkur 2010	bls.12
Árshátíð 2011	bls.12
Pör skólans	bls.13
Tíska	bls.14 -15

Sérstakar þakkir:
Eva Örk Árnadóttir
Karl Ólafur Hallbjörnsson
Karólína Ólafsdóttir
Sandra Smáradóttir
Guðrún Guðnadóttir
Guðný tölvumeistari
Ísafold

Ritstjórn



Katla Tómasdóttir
10.BH

Soffía Gunnarsdóttir
10.KN

Þóra Marín Sigurjónsdóttir
10.KI

Þetta skólableið er lokaverkefni okkar í 10. bekk.

Við gerðum þetta verkefni vegna þess að okkur þótti það spennandi og skemmtilegt. Við viljum að nemendur og starfsmenn í skólanum kynnist hver öðrum og viti meira hver um annan. Okkur langaði að setja alla helstu viðburði ársins saman í eitt bleið ásamt viðtölum við nemendur og starfsmenn.


Vonum að ykkur finnist þetta eins skemmtilegt og okkur.
Njótið!

'97

1. Nafn: Jón Andri
2. Hvernig leið þér þegar þú komst í Réttó? Bara vel.
3. Hver er uppáhaldskennarinn þinn? Kristján!
4. Flottasta '95? Katla.
5. Hvað áttu margar adidas peysur? Ekki neina.
6. Ertu með/móti ljósabekkjabanninu? Ég er bara hlutlaus.
7. Hver er mesta Kringlurottan í árganginum? Mmm.. Sólhildur.
8. Lýstu Réttó í þremur orðum: Mikið frelsi, skemmtilegur og góður skóli



1. Nafn: Sólhildur.
2. Hvernig leið þér þegar þú komst í Réttó? Bara mjög vel.
3. Hver er uppáhaldskennarinn þinn? Kristján.
4. Flottasta '95? Hmm—Vignir.
5. Hvað áttu margar adidas peysur? Bara eina, átti samt tvær.
6. Ertu með/móti ljósabekkjabanninu? Bara hlutlaus.
7. Hver er mesta Kringlurottan í árganginum? Alma og Stefanía.
8. Lýstu Réttó í þremur orðum: Skemmtilegur, áhugaverður og fallegur.



1. Nafn: Ögmundur.
2. Hvernig leið þér þegar þú komst í Réttó? Bara mjög vel.
3. Hver er uppáhaldskennarinn þinn? Kristján.
4. Flottasta '95? Aah ég veit ekki.
5. Hvað áttu margar adidas peysur? Eitt stk.
6. Ertu með/móti ljósabekkjabanninu? Með.
7. Hver er mesta Kringlurottan í árganginum? Stefanía.
8. Lýstu Réttó í þremur orðum: Mjög góður skóli.



Vatnaskógarferð 8. bekkjar



Í lok september fóru þeir í 8. bekk sem voru að fara að fermast í Vatnaskóg. Farið var á mánudagsmorgni og gist í eina nótt.

Í ferðinni lærðum við ýmislegt varðandi trúna á mjög skemmtilegan hátt, til dæmis vorum við látin fara í gegnum dimmt völundarhús með fullt af spýtum og hlutum sem gætu meitt mann til þess að læra að treysta því að ekkert slæmt geti gerst. Við skoðuðum kapelluna og lærðum um táknið þar inni. En við fengum líka mikinn frítíma og vorum mjög heppin með veður. Við fengum að fara á bátum út á vatnið og svo fengum við að fara út á vélbát með Pálma presti. Nokkrir krakkar skelltu sér í sundföt og fóru að hlaupa þranna sem endaði því miður með slysi. Svo kepptu



líka stelpur á móti strákum í brennó og við fengum að fara í hoppukastala og ýmsa leiki. Um kvöldið var svo kvöldvaka með spurningaleik samsöng og fleira. Daginn eftir var svo haldið heim um hádegið eftir góða ferð.


Karólína Ólafsdóttir

'96

1. Nafn: Dagur.
2. Hvort er skemmtilegra í 8. bekk eða 9. bekk? 8.bekk!
3. Spennt/ur að fá '98 í skólann? GG.
4. Flottasta '95? Sossa.... kv. Viktor.
5. Framtíðarpar skólans? Viktor og Sossa.
6. Hver er uppáhaldskennarinn þinn?
María líffræði kennari.
7. Hvernig er morgunrúttínan? Fer í úlpu og labba út.
8. Hvort er félagslífið skemmtilegra í 8.bekk eða 9. bekk? 9. bekk
9. Hvað ertu með mörg poke á facebook? Ekki alveg viss, u.þ.b. 30.



- 1.Nafn: Fanney
- 2.Hvort er skemmtilegra í 8.bekk eða 9.bekk? 9.bekk.
3. Spennt/ur að fá '98 í skólann? Mmm.. veit ekki, alveg eins bara.
4. Flottasta '95? Ég veit það ekki.
5. Framtíðarpar skólans? Mig langar að segja eitt ákveðið, en ætla að sleppa því.
6. Hver er uppáhaldskennarinn þinn? Ingvar.
7. Hvernig er morgunrúttínan? Vakna 20 mín í átta, mála mig, klæði og fæ far í skólann.
8. Hvort er félagslífið skemmtilegra í 8. bekk eða 9. bekk? 9!
9. Hvað ertu með mörg poke á facebook? 61 poke.



1. Nafn: Ásgeir.
2. Hvort er skemmtilegra í 8.bekk eða 9.bekk?
9.bekk .
3. Spennt/ur að fá '98 í skólann? Nei..
4. Flottasta 95? Sossa.
5. Framtíðarpar skólans? Viggí og Sossa.
6. Hver er uppáhaldskennarinn þinn? Ingvar.
7. Hvernig er morgunrúttínan? Vakna 10 mín. í átta.
8. Hvort er félagslífið skemmtilegra í 8. bekk eða 9. bekk? 9. bekk!
9. Hvað ertu með mörg poke á facebook? 6 poke.



Laugaferð 9.bekkjjar

Þann 20. september 2010 fór 9. bekkur Réttarholtsskóla í ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum. Við ókum með rútu í u.þ.b. tvo tíma. Þegar við vorum komin á Laugar byrjuðum við á því að koma öllum farangrinum okkar inn og fara inn í íþróttahúsið. Þar var kynnt fyrir okkur það sem við vorum að fara að gera og svo var raðað í herbergi. Við gerðum ekki mikið fyrsta daginn annað en að koma okkur fyrir og við vorum bara frekar frjáls. Í matnum voru okkur sýndir hóparnir sem við áttum að vera í næstu daga þann tíma sem var dagskrá. Einnig fóru allir hóparnir í tíma þar sem við bjuggum til veggspjald með nafni á hópnum okkar og slagorði fyrir Laugaleikana sem er keppni seinasta daginn á Laugum. Við kusum líka formann og varaformann hópanna.

Það skiptist sem sagt á að vera dagskrá og frjáls tími. Á dagskránni voru viðburðir eins og fjósiferð, félagsvist, íþróttir, galdrar og fleira.

Annan daginn fórum við öll saman í fjallgöngu og sumir fóru í fjósið. Í fjósinu var okkur sýnt hvernig beljurnar eru mjólkaðar og við fengum að prófa það. Við fengum líka að smakka mjólk beint úr kúnni og ís úr ferskri mjólk. Við urðum líka vitni að fæðingu kálfs. Á meðan sumir hópar voru í fjósinu voru hinir í t.d. félagsvist eða íþróttum.

Næsti dagur gekk eins, allir skiptust á stöðvunum sínum. Um kvöldið mátti svo fara í sund. Hóparnir fóru líka í blindragöngu sem fór þannig fram að einn var með bundið fyrir augun og hinn aðilinn átti að vísa veginn sem var mjög fyndið og skemmtilegt. Við fórum líka í ræðukeppni sem var ótrúlega skemmtilegt, þar var okkur skipt í stelpur og stráka og kosið var eitt-hvert umræðuefni og við vorum með eða á móti.

Svona gengu fyrstu dagarnir fyrir sig þangað til komið var að Laugaleikunum. Þar vorum við búin að velja krakkana úr hópnum okkar í ákveðnar íþróttir sem við kepptum í. Við fengum samt ekki að vita hverjar íþróttirnar væru svo það var svolítið erfitt því maður vissi ekkert hverju maður átti að búast við! En það var eitt lið sem rústaði keppninni og það var hópurn "Drekafólkið". Því má bæta við að ég var í þeim hópi!

Um kvöldið var svo sundlaugarparty sem var ekkert smá gaman og þar settum við heitapottsmetið, 71 maður í einum potti, takk fyrir!

Síðasta morguninn fórum við bara í morgunmat og héldum svo heim á leið. Það var ótrúlega leiðinlegt að fara og ég held að ég geti talað fyrir alla þegar ég segi að við hefðum viljað vera þarna heilli viku lengur. Þetta var ein skemmtilegasta ferð sem ég hef farið í og ég mun aldrei gleyma henni!

Eva Örk Árnadóttir



'95

1. Nafn: Solveig.
2. Hvaða/hvers muntu sakna mest úr Réttó? Kennaranna og allra krakkanna.
3. Flottasta '97? Óttar.
4. Hver er uppáhaldskennarinn þinn? Kim, Gummi, Ingvar, Krilli, Brylla og að sjálfsgöðu Jón Pétur!
5. Á hvaða menntaskóla stefnirðu? MS, kv. skinkan.
6. Ertu með/móti ljósabekkjabanninu? Móti?
7. Hver heldurðu að verði breyttastur á Réttó-rejúníon? Jón Hávar.
8. Varstu skinka/hnakki á því tímabili? Ég var últra skinka
9. Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Yfirmaður í einhverju fyrirtæki, einstæð með fimm ketti.
10. Lýstu Réttó í 3 orðum: Sætastur, kósýastur og gullmolinn minn



1. Nafn: Emil Sölvi.
2. Hvaða/hvers muntu sakna mest úr Réttó? Veit ekki, bara fólksins (sérstaklega Hönnu Maríu).
3. Flottasta '97? Mig langar að segja Óttar..
4. Hver er uppáhaldskennarinn þinn? Kristján, Guðrún Guðna og Valdimar.
5. Á hvaða menntaskóla stefnirðu? MR.
6. Ertu með/móti ljósabekkjabanninu? Móti, er svo hvítur að ljós endurkastast af mér!
7. Hver heldurðu að verði breyttastur á Réttó-rejúníon? Steinar.
8. Varstu skinka/hnakki á því tímabili? Nei.
9. Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Í ruslinu með Óla K.
10. Lýstu Réttó í þremur orðum: Skemmtilegur, mjög virkur í félagslífinu, fjörugur!



1. Nafn: Urður.
2. Hvaða/hvers muntu sakna mest úr Réttó? Valdimars.
3. Flottasta '97? Æi þarna gaurinn... Guðni.
4. Hver er uppáhaldskennarinn þinn? Ingvar.
5. Á hvaða menntaskóla stefnirðu? Kvennó auðvitað.
7. Hver heldurðu að verði breyttastur á Réttó-rejúníon? Pottþétt Jón Tómas.
8. Varstu skinka/hnakki á því tímabili? Hef verið það, en er núna cool.. Er samt núna með bólu!
9. Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Sit á skurðstofu og sker lungun í Lindu.
10. Lýstu Réttó í þremur orðum: Cool, Linda og Urður.



Útskriftarferð 10. bekkjar

Þann 11. maí 2011 fór 10. bekkur í vorferð. Lagt var á stað frá Réttó da Ghetto klukkan hálf þrjú og komið var á Blönduós um kvöldmatarleytið.

Við borðuðum á aðal veitingastaðnum á Blönduósi, AKA draugabær, Pottinum og pönnunni. Þar fengum við súpu og lasagna, sem var svo fáránlega gott að allir ældu regnbogum. Eftir mat var farið á áningarstaðinn (sorrí Stína ef þú skilur ekki einföld orð, n00b).



Allir komu sér fyrir og síðan gekk hópurinn upp á fótboltavöll þar sem allir tóku þátt í hópefli. Okkur var skipt í nokkra hópa og farið í ratleik. Eftir ratleikinn fórum við í sund í sundlauginni á Blönduósi. Svefninn tók þá við.



Daginn eftir skundaði bekkurinn í river-rafting og paintball, en þó í tveimur hópum. Milli gamansins fór hvor hópurinn í tæknivætt fjós, sem öllum líkaði við. MMM LAVENDER SMELLS SO GOOD.

Næsti áfangastaður var Varmahlíð, en þar fengum við okkur að borða og fórum síðan í sund eftir á.

Næsti liður fól í sér rútuferð aftur til Blönduóss, og þar beið okkar vær svefn, lol, JK, enginn svaf vegna þess að fokking Arnar var að spila á einhvern fokking gítar alla fokking nóttina.

Daginn eftir pökkuðu allir föggum(lol) sínum aftur niður í töskur og ílát. Heimkeyrslan tók um það bil þrjá tíma, með viðstaldri í Borgarnesi. Heimkoman var viðkunnanleg en ferðin heldur mikið meira viðkunnanlegri.

Karl Ólafur Hallbjörnsson



1. Nafn: Hilmar.
2. Hvað hefurðu unnið lengi í Réttarholtsskóla? Átta ár.
3. Hvað var uppáhaldsskólaárið þitt hérna í Réttó? Það er svo erfitt að gera upp á milli, þau eru öll jafn skemmtileg!
4. Hvað var skemmtilegasta atvikið í Réttó? 50 ára afmæli Réttarholtsskóla 2006.
5. Hvers muntu sakna mest við árganginn sem er að kveðja? Ég bara veit það ekki alveg.
6. Hvaða árgangur er skemmtilegastur svona yfir höfuð? Ábyggilega 10. bekkur, þá er mikið að gerast í þeirra lífi og margt spennandi að gerast.
7. Ef þú værir ekki kennari hvað værirðu þá? Ég bara veit það ekki, hef verið að kenna síðan ég var 20 ára svo ég bara hef ekki hugmynd!
8. Í hvaða grunnskóla varstu? Grunnskólanum á Eskafirði.
9. Hvernig unglingur varstu? Ég var alla vega góður til að byrja með!



1. Nafn: Bryndís.
2. Hvað hefurðu unnið lengi í Réttarholtsskóla? Held fimm ár.
3. Hvað var uppáhaldsskólaárið þitt hérna í Réttó? Þetta!
4. Hvað var skemmtilegasta atvikið í Réttó? Árshátíðirnar.
5. Hvers muntu sakna mest við árganginn sem er að kveðja? Ákveðninnar og framtaksseminnar.
6. Hvaða árgangur finnst þér skemmtilegastur svona yfir höfuð? Allir, get ekki gert upp á milli.
7. Ef þú værir ekki kennari hvað værirðu þá? Hjúkrunarfræðingur.
8. Í hvaða skóla varstu? Fossó og Réttó.
9. Hvernig unglingur varstu? Einstaklega góður.
10. Varstu góður námsmaður þegar þú varst unglingur? Afburða!



1. Nafn: Guðmundur.
2. Hvað hefurðu unnið lengi í Réttarholtsskóla? Þetta er sjötta árið.
3. Hvað var uppáhaldsskólaárið þitt hérna í Réttó? 2007, þá fór ég í heimsreisnu og fékk frí í hálf tveggja ár frá skólanum og svo fékk ég aftur frí 2009 (hehe).
4. Hvað var skemmtilegasta atvikið í Réttó? Gerð og flutningur árs-hátíðarskaups með öllum kennurunum!
5. Hvers muntu sakna mest við árganginn sem er að kveðja? Skemmtilegu krakkanna sem ég kenndi.
6. Hvaða árgangur finnst þér skemmtilegastur svona yfir höfuð? Alltaf 10. bekkur!
7. Ef þú værir ekki kennari hvað værirðu þá? Söngvari.
8. Í hvaða skóla varstu? Laugalækjaskóla (vann stytta út af Skrekk).
9. Hvernig unglingur varstu? Ég var erfiður unglingur.
10. Varstu góður námsmaður þegar þú varst unglingur? Jáaa, þegar ég lagði mig fram.



Skólahreysti 2011


Réttarholtsskóli keppti í Skólahreysti í Austurbergi 30. mars. Réttó var með frábæra keppendur en þeir voru Berglind Rós, Emil Sölvi, Ólafur Kári og Urður. Þau stóðu sig öll frábærlega en Réttó lenti í 5. sæti í undankeppninni en komst því miður ekki áfram í úrslitakeppnina.



Skólinn var með frábært stuðningslið, en allir stuðningsmenn voru í bláum Réttóbolum og duglegir nemendur voru búnir að búa til dúska og koma með lukkubúninga.

Skjár einn gaf Réttó svo bestu tilprif vikunnar fyrir búninga og stuðning!

Hjálpaðu skinkunni að komast aftur heim að sólarpúðrinu sínu!



Skrekkur 2010

Réttarholtsskóli tók þátt í Skrekk 2010 með atriðið „Algjör Lísu og leitinn að Húlio“ en það var einhvers konar endurgerð af Lísu í Undralandi. Réttó sendi alls 35 krakka í Borgar-leikhúsið og voru þar á meðal bæði leikarar, söngvarar, dansarar og sviðsmenn. Búningarnir voru flestir saumaðir af krökkunum og öll förðun líka, en ég ætla að segja aðeins frá ferlinu, æfingum og keppninni sjálfri.

Fyrst voru prufur og fengum við smá hjálp við að velja í atriðið en á undan því hafði hugmyndin verið valin á stórum fundi.

Svo voru leikprufur og þar kom leikarinn Bergur Þór Ingólfsson og hjálpaði til við að velja inn, og loks voru söngprufur og stuttu seinna var Skrekkshópurinn kominn. Þá tóku við æfingar sem gengu frekar vel og loks kom að keppninni sjálfri.

Allir voru að deyja úr spenningi og stressi. Svo var komið að prufunni á sviðinu sem gekk ótrúlega vel og hópurinn hélt í Kringluna sáttur. Þar var borðað á Stjörnutorgi og svo haldið í Borgarleikhúsið aftur.

Réttó var númer 5 í röðinni og gekk allt bara vel.

Sandra Smáradóttir



Árshátíðin 2011

Árshátíð Réttarholtsskóla og Bústaða var haldin miðvikudaginn 16. mars. Hún var mjög mikilvægur viðburður hjá mörgum nemendum!

Nokkrum dögum fyrir árshátíð voru þemadagar í skólanum og var mismunandi þema eftir árgöngum. Sérstök skreytinganefnd var valin og stóð hún sig frábærlega í að skreyta og undirbúa fyrir árshátíðina. Skreytinganefndin valdi þema og var Hollywood-þema fyrir valinu í ár. Það voru fleiri nefndir til að hjálpa til með að undirbúa árshátíðina og nóg að gera fyrir nemendur og kennara.

Árshátíðarkvöldið mættu allir klukkan 18:00 og fengu ávexti í matsal skólans. Seinna um kvöldið eldaði Silli kokkur yndislegan mat. Foreldrarnir þjónuðu til borðs og á meðan á matnum stóð voru skemmtiatriði. Eftir matinn var svo farið að dansa þar til klukkan varð 23:00.

Þetta var frábær skemmtun og langflestir nemendur skólans komu á þennan stórkostlega viðburð!



Pör Skólans




Saga og Eiríkur eru búin að vera saman í 1 ár og 3 mánuði

Sigurbjörg og Allan eru búin að vera saman í 3 mánuði



Eva Örk og Jóhann Gunnar eru búin að vera saman í 9 mánuði

Dagrún og Sigurður eru búin að vera saman í 8 mánuði



Daniella og Aron eru búin að vera saman í 2 og hálfan mánuð

Fanney og Bjarni eru nýbyrjuð saman en hafa verið að hittast lengi



Kristín og Dagur eru búin að vera saman í 6 og hálfan mánuð

Stefán Bjarni og Emelía Assa eru búin að vera saman í 1 og hálf t ár



Ástin blómstrar í Réttó!

Fatastíll

1. Nafn: Ásdís Björk.
2. Úr hvaða búðum eru fötin sem þú ert í núna? Allt úr H&M.
3. Hverjar eru uppáhalds fatabúðirnar þínar? H&M, Topshop og Primark.
4. Hver finnst þér vera með flottasta fatastílinn í skólanum? Vá, ég veit það ekki, örugglega Einar Sveinn og Herborg eða Lára Theodóra.




1. Nafn: Emil Tumi.
2. Úr hvaða búðum eru fötin sem þú ert í núna? H&M og Hollister.
3. Hverjar eru uppáhaldsbúðirnar þínar? H&M og Hollister.
4. Hver finnst þér vera með flottasta fatastílinn í skólanum? Einar Sveinn og Katla.



1. Nafn: Alma.
2. Úr hvaða búðum eru fötin sem þú ert í núna? Stradivarius og veit ekki hitt.
3. Hverjar eru uppáhalds búðirnar þínar? H&M og Topshop.
4. Hver finnst þér vera með flottasta fatastílinn í skólanum? Einar Sveinn og Saga.




Strákar



- Fabio
- Húfur
- Skyrtur
- Gollur
- Ljósar buxur
- Adidas peysur
- Of gelaður
- Buxurnar á hælunum
- Rakað í augabrúnir



Stelpur



- Stuttbuxur
- Jumpsuites
- Rakað eina hlið
- Fylltir hælar
- Víðir bolir
- Adidas peysur
- Cameltoe
- Carhartt buxur
- Þröngar rassabuxur





Coca-Cola

KÚLAN

Kjörin

**Réttarholtsvegi 1
108 Reykjavík**